

**Föstudaginn 16. ágúst kl 11.30 kom stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga saman til fundar á Hrafnseyri við Arnarfjörð.**

Mætt voru Albertína Fr. Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson og Sveinn Ragnarsson. Sigurður Pétursson gat ekki setið fundinn og sat varamaður Jóna Benediktsdóttir fundinn í hans stað. Einnig sátu fundinn starfsmenn sambandsins; Aðalsteinn Óskarsson, Jón Jónsson, Lína Björg Tryggvadóttir og Díana Jóhannsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð nýjan starfsmann sambandsins Línu Björgu Tryggvadóttur velkomna til starfa. Lína mun hefja störf hjá um komandi mánaðarmót og verður verkefnastjóri fyrir byggðaþróunardeild.

1. Fundargerð 20. Júní 2013
  - a. Fundargerð lögð fyrir og samþykkt.
2. Yfirlit um stöðu verkefna FV
  - a. Jón Jónsson, menningarfulltrúi, fór yfir stöðu verkefna Menningarráðs Vestfjarða.
  - b. Díana Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, fór yfir helstu verkefni Markaðsstofu Vestfjarða.

Gert hádegishlé, fundur settur kl 13.00, starfsmenn viku af fundi undir 3. dagskrárlið
3. Yfirlit um fjárhagsstöðu FV  
Formaður gerði tillögu um að fjárhagsáætlanir sem leggja á fyrir komandi Fjórðungsping verði ræddar undir þessum lið, tillagan samþykkt.
  - a. Framkvæmdastjóri lagði fram aðalbók fyrir rekstur og deildir sambandsins til 30. júní.
  - b. Framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 og fyrstu tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Rætt um forsendur áætlana og ráðstöfun fjármuna á einstaka deildir FV og þjónustusamnings atvest. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögu til 58. Fj.þings á grundvelli umræðu.
  - c. Samræming stjórnarlauna í stjórnnum og ráðum FV.  
Framkvæmdastjóri kynnti uppbyggingu launa stjórna og nefnda FV sem eru hlutfallstala af þingfarakaupi alþingismanna. Við sameiningu menningarráðs og markaðsstofu þarf að samræma þessi laun innan FV. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu fyrir 58. Fj.þing.
4. Undirbúningur 58. Fjórðungspings Vestfirðinga
  - a. Dagskrá 58. Fjórðungspings
    - i. Framkvæmdastjóri Aðalsteinn Óskarsson fór yfir drög að dagskrá 58. Fjórðungspings og falið að senda hana út til sveitarfélaga.
  - b. Endurskoðun samþykkta Fjórðungssambands Vestfirðinga
    - i. Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að breytingum á samþykktum. Of skammur tími er til að taka málið á dagskrá Fjórðungspings. Samþykkt að leggja tillögu fyrir Fjórðungsping að fela stjórn að vinna að breyttum samþykktum.
  - c. Undirbúningur að ályktunum stjórnar.

Rætt um efni ályktana.

- i. Samgöngumál. Samgöngunefnd falið að vinna efni ályktunar um samgöngumál.
- ii. Menningarmál – stofn- og rekstrarstyrki. Ályktun um endurnýjun menningarsamninga og auka stofn og rekstrarstyrki. Menningarfulltrúa falið að vinna tillögu að ályktun.
- iii. Markaðsátak fyrir Vestfirði. Ályktun um markaðssetningu Vestfjarða með áherslu á samfélög (búsetu) og ferðaþjónustu. Markaðsfulltrúa falið að vinna tillögu að ályktun.
- iv. Stjórnsýsla fiskeldis og skipulag strandsvæða. Ályktun um aukna skilvirkni í stjórnsýslu fiskeldis og áréttað verði um nauðsyn á skipulagi strandsvæða. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögu að ályktun.
- v. Ályktun um jöfnun kostnaðar á raforku. Ómari Má falið að vinna tillögu að ályktun í samræmi við ályktun Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.
- vi. Fjarskipti. Framkvæmdastjóra farið að vinna ályktun um hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum.
- vii. Afhendingaröryggi raforku. Framkvæmdastjóra falið að vinna ályktun um afhendingaröryggi raforku.
- viii. Svæðasamstarf og sameiningarmál sveitarfélaga. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna ályktun um efnið, lögð sé áhersla á aðkomu ríkisins til að mynda með bindandi samningum eða sáttmála..
- ix. Ályktun vegna stöðu IPA samninga. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að ályktun.

d. Fjárhagsáætlun 2014 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013

Rætt undir 3. lið.

5. Leigusamningur fyrir skrifstofu FV á Ísafirði

- a. Framkvæmdastjóri kynnti efni nýs leigusamnings FV við Vestra ehf, um leigu á skrifstofum. Gert er ráð fyrir leigu til 10 ára, með ákvæðum um uppsögn komi til verulegra breytinga á forsendum í rekstri. Lækkun er á leigu um allt að 25 % auk sem þak er sett á verðtryggingu samnings. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að ganga frá samningi um leigu á skrifstofuhúsnæði.

6. Staða IPA verkefna

Lagður fram tölvupóstur frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (Atvest) frá 7. ágúst s.l. um þar sem kynnt er efni tölvupósts frá utanríkisráðuneyti að ESB hefði tekið þá ákvörðun um að hætta vinnu að undirbúningi IPA verkefna. Þar með er dregin til baka sú ákvörðun frá apríl s.l. um að gengið yrði til samninga við Avest, um verkefnið „Watertrail“. FV hafði samþykkt aðild að verkefninu fyrir hönd Markaðsstofu Vestfjarða en verkefnastjórn yrði hjá Atvest. Rætt um viðbrögð við þessari ákvörðun ESB og aðdraganda málsins.

7. Vestfjarðaklasi
  - a. Lögð fram til kynningar fundargerð verkefnastjórnar Vestfjarðaklása, dags 19. júní 2013. Vestfjarðaklasi er eitt af verkefnum Sóknaráætlunar landshluta, ábyrgð á framkvæmd er hjá FV, markaðsstofu.
8. Staða samstarfsverkefna, kynning
  - a. Brothættar byggðir
    - i. Verkefnið „Brothættar byggðir“ sem unnið er á vegum Byggðastofnunar óskaði fyrr í sumar eftir aðild FV að verkefnastjórn um hluta verkefnisins sem snýr að Bíldudal. Stjórn samþykkir að skipa framkvæmdastjóra sem fulltrúa í verkefninu. Auk FV er í verkefnastjórn fulltrúar frá Vesturbyggð, Atvest, íbúasamtökum á Bíldudal auk Byggðastofnunar. Verkefnastjóri er Sigurborg Hannesdóttir, frá Ildi ehf.
  - b. EFTA vettvangur
    - i. Kynnt efni 7. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem haldinn var þann 20. og 22. júní s.l.
  - c. Stýrinet sóknaráætlana
    - i. Kynnt efni ferðar stýrinets sóknaráætlana til Finnlands og Slóveníu
  - d. Hækkun menntunarstigs í NV kjördæmis
    - i. Fundargerðir verkefnastjórnar 1. , 2. og 3. fundar frá maí og júní s.l. lagðar fram til kynningar auk kynningarfundar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarðar frá 26. júní s.l..

Ekki fleira gert, fundi slitið 15:50